

# Fundargerð

*Hafnarnefnd Langaneshafna kom saman til fundar, í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn kl. 08:20, fimmtudaginn 04.01.07*

Mættir voru: Jónas Jóhannsson, Aðalbjörn Arnarsson, Marínó Jónsson, Björn Ingimarsson og Steinn Karlsson.

## Dagskrá.

### 1. Mál. Staða framkvæmda.

Hafnarstjóri og hafnarvörður greindu frá stöðu mála. Fram kom að framkvæmdum við Loðnulöndunarkant er að mestu lokið. Væntanlegar eru niðurstöður úr borkjörnum þekju og rafvertaki kemur um miðjan janúar til að ljúka við raflagnir.

### 2. Mál. Samgönguáætlun 2007 -2010.

Lagt fram bréf frá Siglingastofnun dags, 20.12.06. varðandi tillögu að samgönguáætlun 2007 – 2010. Samþykkt að hafna framlögðum hugmyndum á þeirri forsendu að verið væri að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum um 2 – 4 ár auk þess sem ráð er fyrir því gert að kostnaðarhlutdeild ríkisins lækki úr 60% í 40% . Hafnarstjóra falið að koma ofangreindu á framfæri með formlegum hætti.

### 3. Mál. Styrkumsókn vegna framkvæmda 2007.

Samþykkt að óska eftir styrk úr Hafnarbótasjóði vegna framkvæmda ársins 2007.

### 4. Mál. Önnur mál.

Kranamál á Bakkafirði. Fram kom að hugsanlega þarf að hækka löndunarkrana í Bakkafjarðarhöfn vegna breytinga á skipakosti í framtíðinni. Öryggismál í Bakkafjarðarhöfn. Fram kom að ekki hafa verið sett upp stígaljós í Bakkafjarðarhöfn. Ákveðið að drífa í því að setja upp lýsingu á öryggisstiga. fleira ekki gert, og fundi slitið kl. 09:10.

Björn Ingimarsson, ritari.